



Samband Íslenskra sveitarfélaga
Mars 2021

Ársskýrsla Sambands Íslenskra sveitarfélaga 2020




Samband íslenskra sveitarfélaga sýnir samfélagslega ábyrgð í starfsemi sinni, við ákvarðanatöku og ráðgjöf og er til fyrirmyndar í málefnum sjálfbærrar þróunar og loftslags. [úr Stefnu sambandsins um samfélagslega ábyrgð]

Samfélagsleg ábyrgð

Meðal þess sem sambandið gerir í starfsemi sinni er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, hvetja til vist- og heilsuvænna samgöngumáta starfsfólks, lágmarka úrgang og stunda vistvæn innkaup á vörum og þjónustu.

Af augljósum ástæðum dró verulega úr losun gróðurhúsalofttegunda vegna ferðalaga starfsfólks á árinu 2020.

Árið 2018 var sú ákvörðun tekin að draga verulega úr prentun á vegum sambandsins, m.a. var hætt að prenta ýmis fundargögn fyrir fjármálaráðstefnu og landsþing ári síðar. Gerður var samningur um rekstur prentara á skrifstofunni og þar með var hægt að gera ítarlega greiningu á prentun innan hvers sviðs fyrir sig.



Tölfræði úr starfsemi sambandsins

Vefurinn www.samband.is
árið 2020

◆ 585.009

Heimsóknir á vefinn 2020, þær voru 610.037 árið 2019

◆ 90.524

Notendur á vefnum árið 2020, þeir voru 91.891 árið 2019

◆ 31.306

Nýttu sér upplýsingar um kjara- og starfsmannamál, fjölgun um 5.282 frá árinu 2019

◆ 56.159

Smelltu á fréttir á vefnum 2020 en þeir voru 52.280 á árinu 2019

◆ 3.664

Notendur heimsóttu vefinn sunnudaginn 15. mars þegar gefin var út sameiginleg yfirlýsing vegna áhrifa COVID-19 á skólastarf

◆ 18.441

Skoðuðu upplýsingasíður sveitarfélaga þeir voru 15.589 árið 2019

Samband íslenskra sveitarfélaga sýnir samfélagslega ábyrgð í starfsemi sinni, við ákvarðanatöku og ráðgjöf og er til fyrirmyndar í málefnum sjálfbærrar þróunar og loftslags. [úr Stefnu sambandsins um samfélagslega ábyrgð]

Losun gróðurhúsalofttegunda

Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga var 6.379,8 kg. á árinu 2020. Gerir það ríflega 225 kg. á hvert stöðugildi sem voru 28,3 árið 2020.

Losun gróðurhúsalofttegunda í kg. talið árið 2020

2.155

Vegna ferða starfsmanna erlendis á árinu 2020

2.027

Vegna ferða starfsmanna í innanlandsflugi á árinu 2020

46

Vegna ferða starfsmanna með leigubílum á árinu 2020

165

Vegna ferða starfsmanna á bílaleigubílum á árinu 2020

1.457

Vegna aksturs starfsmanna á eigin bílum á vinnutíma á árinu 2020

588

Vegna kaupa sambandsins á rafmagni á árinu 2020

Efnisyfirlit

Stefnumörkun	7
Ávarp framkvæmdastjóra	9
Stjórn Sambands Íslenskra sveitarfélaga	10
Skipurit Sambands Íslenskra sveitarfélaga	12
Verkefni ársins 2020	15
Tölfræði úr starfsemi	37

Ársskýrsla 2020

Víðsýni – Traust – Ábyrgð

© Samband íslenskra sveitarfélaga
2021/1

Borgartún 30
Pósthólf 8100
128 Reykjavík

Sími: 515 4900
Netfang: samband@samband.is
Veffang: www.samband.is
Ritstjóri og ábm.: Valur Rafn Halldórsson
Umbrot: Ingibjörg Hinriksdóttir
Ljósmyndir: Kristinn Jónasson, Tómas Freyr
Kristjánsson, Ingibjörg Hinriksdóttir, og Unsplash

SAMBANDIÐ SKAL STUNDA GÓÐA STARFSHÆTTI, SKILVIRKNI OG VÖNDUÐ VINNUBRÖGÐ, MEÐ VÍÐSÝNI, TRAUST OG ÁBYRGÐ AÐ LEIÐARLJÓSI.

Stefnumörkun

Stefnumörkun sambandsins nær til flestra meginþátta í starfsemi sambandsins og sveitarfélaga og nýtist sem sterk leiðsögn við ákvarðanatöku stjórnar og starfsmanna sambandsins árin 2018-2022.

Meginmarkmið

Verkefni sambandsins eru margháttuð, rétt eins og verkefni sveitarfélaga. Sambandið sinnir hagsmunagæslu fyrir sveitarfélögin gagnvart ríkisvaldinu, og öðrum innlendum jafnt sem erlendum aðilum. Sambandið mótar stefnu sveitarfélaganna til einstakra mála og hefur því nán samskipti við ríkisstjórn og Alþingi.

Leiðarljós

Samband íslenskra sveitarfélaga er sameiginlegur málsvari sveitarfélaganna, það þjónar sveitarfélögum á sviði vinnumarkaðsmála, annast kjarasamningsgerð og hefur fyrirvar í kjaramálum fyrir þau sveitarfélög sem veita umboð sitt til þess. Sambandið vinnur að almennri fræðslu um sveitarstjórnarmál með ráðstefnu-, námskeiða- og fundahaldi og útgáfu- og upplýsingastarfsemi fyrir sveitarstjórnarmenn og starfsmenn sveitarfélaga.



01

Ávarp framkvæmdastjóra

Sjaldan hefur starfsfólk verið í reglulegra og betra sambandi innbyrðis eða við fulltrúa sveitarfélaga, stofnanir og ráðuneyti

Í ársskýrslu sambandsins er fjallað um helstu viðfangsefni sem unnið var að á árinu 2020. Þetta var mjög óvenjulegt ár. Skrifstofa sambandsins var lokað fyrir utanaðkomandi heimsóknnum stóran hluta ársins og meirihluti starfsfólks sinnti störfum í þágu sambandsins frá heimilum sínum. Ætla hefði mátt að áhrif kórónuveirufaraldursins myndi draga úr þrótti starfseminnar að einhverju leyti. Nei, það var svo sannarlega ekki raunin. Mjög öflugt starf átti sér stað. Sjaldan hefur starfsfólk verið í reglulegra og betra sambandi innbyrðis eða við fulltrúa sveitarfélaga, stofnanir og ráðuneyti. Sú skilvirkni, betri tímanýting og það virka samtal um lausn mála sem þróast í fjarfundasamskiptum aðila hefur að mati undirritaðs aukið framlegðina í starfsemi sambandsins töluvert. Stjórnendur margra annarra skipulagsheilda hafa sömu sögu að segja. Það er því verkefni okkar núna að virkja áfram og nýta það jákvæða sem komið hefur út úr þeim takmörkunum sem landsmenn hafa þurft að búa við vegna sóttvarnaáðgerða. Við störfum nú í breyttu umhverfi sem verður spennandi að aðlagast.

Starfsfólk sambandsins setti sér fyrir nokkrum árum markmið og leiðarljós í starfseminni sem eru víðsýni, traust og ábyrgð. Á grundvelli þeirra viljum við starfa í þágu sveitarfélaga og er það von okkar að kjörnir fulltrúar og starfsfólk sveitarfélaga upplifi starfsemi og þjónustu sambandsins á þann hátt.

Eins og á síðasta ári er ársskýrsla sambandsins stafræn og verður ekki gefin út á prenti. Við hjá sambandinu kappkostum

að virkja þann jákvæða hvata sem felst í því að sýna samfélagslega ábyrgð. Við viljum haga starfseminni eins og kostur er á sjálfbæran hátt, draga úr kolefnisfótspori og innleiða og nýta stafræna þjónustu í þágu sem flestra. Við ætlum að styðja sveitarfélögin vel í þeirri vegferð. Einnig höfum við myndað samstarfsvettvang um heimsmarkmiðin til stuðnings sveitarfélögum sem vilja hafa þau að leiðarljósi í starfseminni. Sambandið var einnig í mjög góðri samvinnu við almannavarnir, Landlæknisembættið og ráðuneyti vegna sóttvarnaráðstafana á árinu og þá sérstaklega voru samskiptin nán við félagsmálaráðuneytið, mennta- og menningarmálaráðuneytið og ráðuneyti sveitarstjórnarmála.

Í ársskýrslunni er umfjöllun um þessi mál og fjölda annarra sem mikilvægt er að sem flestir á vettvangi sveitarfélaga kynni sér. Áhugaverð tölfræði er sett fram. Reynt er að hafa textann stuttan og hnitmiðaðan svo skýrslan verði auðveld til aflestrar og jafnvel er slegið á léttu strengi.

Tækni- og upplýsingafultrúi og sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs hafa, í samvinnu við annað starfsfólk sambandsins, haft umsjón með gerð ársskýrslunnar og kann ég þeim bestu þakki fyrir vel unnin störf. Fyrir hönd starfsfólks sambandsins þakka ég stjórn þess og öllum kjörnum fulltrúum og starfsfólki sveitarfélaga fyrir ánægjuleg samskipti á því ógleymanlega ári 2020 sem markað hefur svo djúp spor í huga okkar allra.

Karl Björnsson

framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga

02 Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga

AÐALMENN:

Heiða Björg Hilmsdóttir
REYKJAVÍKURBORG

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir
REYKJAVÍKURBORG

Eyþór Laxdal Arnalds
REYKJAVÍKURBORG

Gunnar Einarsson
GARÐABÆR

Guðmundur Ari Sigurjónsson
SELTJARNARNESBÆR

Rakel Óskarsdóttir
AKRANESKAUPSTAÐUR

Bjarni Jónsson
SVEITARFÉLAGIÐ SKAGAFJÖRÐUR

Kristján Þór Magnússon
NORÐURÞING

Jón Björn Hákonarson
FJARÐABYGGÐ

Aldís Hafsteinsdóttir
HVERAGERÐISBÆR

Ásgerður K. Gylfadóttir
SVEITARFÉLAGIÐ HORNAFJÖRÐUR

VARAMENN:

Skúli Þór Helgason
REYKJAVÍKURBORG

Dóra Björt Guðjónsdóttir
REYKJAVÍKURBORG

Hildur Björnsdóttir
REYKJAVÍKURBORG

Haraldur Sverrisson
MOSFELLSBÆR

Adda María Jóhannsdóttir
HAFNARFJARÐARKAUPSTAÐUR

Daníel Jakobsson
ÍSAFJARÐARBÆR

Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir
BORGARBYGGÐ

Gauti Jóhannesson
MÚLAÞING

Guðmundur B. Guðmundsson
AKUREYRARKAUPSTAÐUR

Margrét Ólöf A. Sanders
REYKJANESBÆR

Lilja Einarsdóttir
RANGÁRÞING EYSTRA

ALDÍS HAFSTEINSDÓTTIR ER FORMAÐUR
STJÓRNAR

Framkvæmdastjóri
og sviðsstjórar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Karl Björnsson
FRAMKVÆMDASTJÓRI



63 ÁRA

Heldur alltaf með Hollandi
á stórmótum

Valur Rafn Halldórsson
SVIÐSSTJÓRI REKSTRAR- OG
ÚTGÁFUSVIÐS



33 ÁRA

Annað barn á leiðinni

Anna Guðrún Björnsdóttir
SVIÐSSTJÓRI ÞRÓUNAR- OG
ALÞJÓÐASVIÐS



64 ÁRA

Náttúruunnandi

Sigurður Á. Snævarr
SVIÐSSTJÓRI HAG- OG
UPPLÝSINGASVIÐS



65 ÁRA

Fjármál og rekstur eru hans ær
og kýr

Guðjón Bragason
SVIÐSSTJÓRI LÖGFRÆÐI-
OG VELFERÐARSVIÐS



55 ÁRA

Vill lækka forgjöfina

Inga Rún Ólafsdóttir
SVIÐSSTJÓRI KJARASVIÐS




57 ÁRA

Ömmuhlutverkið er best

03 Skipurit Sambands íslenskra sveitarfélaga




Skipurit Sambands
Íslenskra sveitarfélaga





SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA
VEITTI ALLS 104 UMSAGNIR Á ÁRINU
2020.



04

Verkefni ársins 2020

Skrifstofu Sambands íslenskra sveitarfélaga er skipt upp í fimm meginvið þar sem verkefni eru margvísleg

Á kjarasviði Sambands íslenskra sveitarfélaga starfa sex sérfræðingar sem hafa það megin hlutverk að veita þeim stjórnendum og sérfræðingum sveitarfélaga sem vinna við framkvæmd kjarasamninga, sérfræðiráðgjöf, upplýsingar og fræðslu um kjaramál, vinnurétt og mannaússtjórnun. Kjarasvið annast einnig kjarasamningagerð fyrir hönd stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, túlkun kjarasamninga og vinnur að lausn ágreiningsmála sem koma upp vegna framkvæmdar kjarasamninga. Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga fer með fullnaðarumboð til kjarasamningagerðar við 61 stéttarfélag.


KJARAVIÐRÆÐUR

Samninganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur frá því í nóvember 2019 lokið gerð kjarasamninga við alla viðsemjendur sambandsins, 61 að tölu. Kjarasamningar voru undirritaðir við stéttarfélög innan BSRB í mars og apríl 2020. Gildistími kjarasamninganna er frá 1. janúar 2020 til 31. mars 2023. Kjarasamningar voru undirritaðir við stéttarfélög innan ASÍ í nóvember 2019 (iðnaðarmannafélög) og í janúar 2020 (verkalýðsfélög önnur en Eflingu) og í maí 2020 við Eflingu.

Gildistími kjarasamninganna er ýmist frá 1. janúar 2020 til 30. september 2023 eða 1. janúar 2020 til 31. mars 2023. Kjarasamningar voru undirritaðir við stéttarfélög utan bandalaga í mars og júlí 2020. Gildistími kjarasamninganna er ýmist frá 1. janúar 2020 til 31. mars 2023 eða frá 1. janúar 2020 til 31. desember 2021.

KJARAVIÐRÆÐUR Í FJARFUNDUM

Þegar farsóttin fór að herja á landsmenn í mars mánuði voru kjaraviðræður færðar yfir á fjarfundafyrirkomulag og undirritun kjarasamninga fór fram með rafrænum hætti. Um þetta fyrirkomulag viðræðna náðist góð sátt og samvinna milli samningsaðila og því varð engin truflun á viðræðuferlinu þrátt fyrir farsóttarástand.



FJÖLDI KJARASAMNINGA SAMNINGANEFNDAR SAMBANDS ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA ÁRIN 2014-2019

GÓÐ SÁTT NÁÐIST MILLI SAMNINGSADILA
AÐ FÆRA KJARAVIÐRÆÐUR YFIR Í
FJARFUNDI VEGNA FARSÓTTARINNAR

Frá því í september hafa verið haldnir fjölmennir vikulegir fjarfundir með lykilstjórnendum sveitarfélaga vegna styttingar vinnutíma dagvinnufólks og frá í nóvember hafa einnig verið haldnir fjölmennir fjarfundir vegna styttingar vinnutíma í vaktavinnu.



Vegna farsóttarinnar var ekki heldur mögulegt að halda kynningarfundum víðs vegar um landið, en þess í stað voru haldnir nokkrir kynningarfundir með fjarfundafyrirkomulagi. Við undirritun nýrra kjarasamninga hafa sveitarfélögum einnig verið sendar kynningar á þeim með tölvupósti. Kjarasamninga sambandsins og kynningar á þeim má finna á vefnum www.samband.is.

Samið var um styttingu vinnutíma við alla viðsejendur sambandsins nema Félag grunnskólakennara, Skólalæstjórastjórnir Íslands og Félag kennara og stjórnenda í tónlistarskólum. Stytting vinnutíma tekur gildi fyrir dagvinnufólk frá 1. janúar 2021 og fyrir vaktavinnufólk frá 1. maí 2021. Þar sem vinnustaðir sveitarfélaga gegna mjög ólíkum hlutverkum, hafa fjölbreyttar daglega starfsemi og ólíka samsetningu mannaúts er stytting vinnutíma útfærð í nærumhverfinu með umbótasamtali vinnuveitanda og starfsfólks. Meginmarkmið breytinganna er að stuðla að gagnkvæmum ávinningi starfsfólks og vinnustaða.

Mikil áhersla hefur verið lögð á að veita sveitarfélögum ráðgjöf og leiðbeiningar í innleiðingarferlinu. Frá því í september 2020 hafa verið haldnir fjölmennir vikulegir fjarfundir með lykilstjórnendum sveitarfélaga vegna styttingar dagvinnutíma og frá því í nóvember hafa einnig verið haldnir fjölmennir fjarfundir vegna styttingar vinnutíma í vaktavinnu. Þar að auki hafa sérfræðingar sambandsins haldið fjölda minni funda með einstökum sveitarfélögum.

Frekari upplýsingar um [styttingu vinnutíma dagvinnufólks](#), [leiðbeiningar og fræðslufni](#) má finna á vef sambandsins.

SKIPAN LÍFEYRISMÁLA

Ríki og sveitarfélög annars vegar og heildarsamtök launafólks á opinberum vinnumarkaði hins vegar gerðu samkomulag um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna árið 2016. Markmið samkomulagsins var að lífeyriskerfi landsmanna verði sjálfbært og unnið verði markvisst að því að jafna kjör launafólks á opinberum og almennum vinnumarkaði eins og kostur er. Í 7. gr. samkomulagsins segir að vinna þurfi sérstaklega að því að jafna laun einstakra hópa á milli almenns og opinbers vinnumarkaðar með það að markmiði að tryggja að ekki sé kerfislægur og ómálefnalegur launamunur á milli markaða. Launin skuli jöfnuð á 6-10 árum með útfærslu í kjarasamningum.

Opinberir launagreiðendur hafa ítrekað staðfest þann ásetning sinn að standa við samkomulagið, m.a. í fundargerð samstarfsnefndar ríkis og sveitarfélaga, Jónsmessunefndar, frá 23. október 2019. Mikil greiningavinna hefur farið fram á vegum nefndar skipuð fulltrúum aðila sem stóðu að framangreindu samkomulagi. Greiningin tekur fyrir mismun og dreifingu launa sambærilegra hópa á almennum vinnumarkaði og opinberra starfsmanna. Þeirri greiningavinnu er enn ekki lokið og eru aðilar sammála um að leggja ekki fram tillögu nema málið sé vel rökstutt.

LAUNAÞRÓUNARTRYGGING FYRIR TÍMABILIÐ 2019 - 2022

Með kjarasamningum á opinberum vinnumarkaði fylgdi bókun þar sem segir að opinberir launagreiðendur stefni að því í samvinnu við önnur heildarsamtök opinberra starfsmanna að semja um launaþróunartryggingu fyrir tímabilið 2019 til 2022. Launaþróunartryggingu er ætlað að tryggja að launaþróun sé að jafnaði svipuð hjá opinberum starfsmönnum og á almennum vinnumarkaði og er þannig ætlað að tryggja að opinberir starfsmenn haldi í við almenna launaþróun á samningstímabilinu. Enn hefur ekki komið til kasta aðila að beita þessu ákvæði kjarasamninga.

LAUNAÞRÓUNARTRYGGINGU ER ÆTLAÐ AÐ TRYGGJA AÐ LAUNAÞRÓUN SÉ AÐ JAFNAÐI SVIPUÐ HJÁ OPINBERUM STARFSMÖNNUM OG Á ALMENNUM VINNUMARKAÐI.

FOSSAR Í NÁTTÚRU ÍSLANDS ÞURFA EKKI
AÐ VERA HÁIR EÐA VATNSMIKLIR TIL
ÞESS AÐ VERA FALLEGIR



BÓKANIR Í KJARASAMNINGUM

- » Með kjarasamningum á opinberum vinnumarkaði fylgdi bókun þar sem samningsaðilar eru einhuga um að tímabært sé að taka til heildarendurskoðunar 12. kafla í kjarasamningi, sem fjallar um rétt starfsmanna vegna veikinda og slysa. Markmið slíkrar endurskoðunar verði meðal annars að stuðla að því að sem flestir geti verið virkir á vinnumarkaði. Gert er ráð fyrir að vinna samkvæmt bókuninni hefjist á haustmánuðum 2021.
- » Með kjarasamningum BSRB félaga og sambandsins fylgdi bókun þar sem samningsaðilar sammælast um mikilvægi þess að efla símenntun starfsmanna til að mæta þeim kröfum sem gerðar eru til þeirra um þjónustu í sífellt fjölbreyttara starfsumhverfi sveitarfélaga. Til að ná framangreindu markmiði mun Samband íslenskra sveitarfélaga stefna að aðild að Fræðslusetrinu Starfsmennt.
- » Með kjarasamningum ASÍ félaga og sambandsins fylgdi bókun þar sem samningsaðilar sammælast um nauðsyn þess að leiðrétta og endurskoða fyrirkomulag ráðningar tímavinnufólks.


- » Með kjarasamningi sambandsins og Félags grunnskólakennara (FG) fylgdi bókun þar sem samningsaðilar sammælast að innleiða starfsmat skv. starfsmatskerfinu Samstarf fyrir félagsmenn FG þann 1. janúar 2022. Starfshópur aðila hefur hafið undirbúning að upptöku starfsmats grunnskólakennara. Í kjarasamningum sambandsins var gerð bókun um að fagleg samráðsnefnd Samstarfs hefji reglulega endurskoðun og uppfærslu starfsmatskerfisins á árinu 2020. Sú vinna er hafin og mun halda áfram á árinu 2021.

SKÝRSLA KJARATÖLFRÆÐINEFNDAR

Kjaratölfræðinefnd gaf út sína fyrstu skýrslu í september síðastliðinn. Ráðgert að út komi tvær skýrslur á ári sem verði notaðar til að greiða götur við gerð kjarasamninga. <https://www.ktn.is/>.



ÞÓ FJÁRMÁLARÁÐSTEFNA SVEITARFÉLAGA HAFI VERIÐ HALDIN MEÐ ÖVENJULEGU SNIÐI ÁRIÐ 2020 VEGNA COVID-19 FARALDURSINS VAR MIKIL ÁNÆGJA MEÐ FRAMKVÆMD HENNA.



Faraldurinn og viðbrögð við honum litaði mjög starfsemi sambandsins á árinu sem sannarlega má kenna við kórónuveiruna.

VIÐSPYRNA FYRIR ATVINNULÍFIÐ

Faraldurinn og viðbrögð við honum litaði mjög starfsemi sambandsins á árinu sem sannarlega má kenna við kórónuveiruna. Í lok marsmánaðar beindi sambandið til sveitarfélaga að hrinda í framkvæmd eins og kostur er ábendingum sambandsins um aðgerðir til viðspyrnu fyrir íslenskt atvinnulíf í ljósi samdráttar í þjóðarbúskapnum.

Helstu atriði í áætluninni voru:

- Halda aftur af gjaldskrárhækkunum
- Flýta stofnframkvæmdum
- Ráðast í atvinnuátaksverkefni og markaðsátak í ferðabjónustu.

FJÁRFESTINGAR

Í viðspyrnuáætluninni voru sveitarfélög hvött til að auka framkvæmdir á árinu 2020 í því skyni að örva atvinnulífið. Ekki síst var haft í huga að sveitarfélög myndu flýta framkvæmdum sem að óbreyttu ætti að ráðast í síðar. Markmið var sett um að flýti framkvæmdir sveitarfélaga gætu numið 15 milljörðum króna. Gerð var könnun á vilja og getu sveitarfélaga til að flýta framkvæmdum á árinu. Mikill áhugi kom fram á því að auka framkvæmdir.

ATVINNULEYSI

Fylgst var grannt með þróun atvinnuleysis, þ.m.t. hlutaatvinnuleysi, eftir sveitarfélögum og atvinnugreinum. Sambandið miðlaði ítarlegum greiningum og gögnum til sveitarfélaga í samvinnu við Vinnuálastofnun mánaðarlega.

SJÁLFBÆRNI - OG SVIÐSMYNDALÍKAN

Í fjárukalögum sem samþykkt voru í mars 2020 voru veittar 25 m.kr. til áframhaldandi þróunar á sjálfbærni- og sviðsmyndalíkani sveitarfélaga. Líkaninu er ætlað að greina sjálfbærni fjármála einstakra sveitarfélaga til lengri tíma, s.s. út frá efnahagslegum og lýðfræðilegum forsendum. Þá er ekki síður mikilvæg gerð líkans sem gefur sveitarfélögum færi á að setja upp sviðsmyndir og auðvelda þeim þannig að bregðast við mögulegri þróun. Gerður var samningur við ráðgjafafyrirtækið Analytica um frekari þróun á líkaninu. Verklok eru áætluð á fyrri hluta árs 2021.


ÞJÓÐHAGSRÁÐ

Að þjóðhagsráði standa aðilar vinnumarkaðarins, þ. á m. sambandið og forsætis-, fjármála- og sveitarstjórnarráðherra. Á árinu voru haldnir fjórir ráðsfundir. Á þessum fundum hefur verið fjallað um stöðuna í efnahags- og atvinnumálum, þ.m.t. opinberum fjármálum, en einnig er horft lengra fram á veginn s.s. í lífeyrismálum, tekjudreifingu o.fl. Á vegum þjóðhagsráðs er nú unnið að gerð grænbókar um vinnumarkað.

FJÁRMÁLAKAFLINN

Endurskoðun ákvæða sveitarstjórnarlaga um fjármál sveitarfélaga hefur staðið yfir með hléum í tvö ár. Mikil vinna hefur verið lögð í verkefnið, en þess er vænst að nefnd nái saman um tillögur í byrjun árs 2021.

Öll erindi fjármálaráðstefnu voru tekin upp og gerð aðgengileg á vef sambandins. Uppsafnað áhorf á erindin er yfir 1.600 en oftast hefur verið horft á erindin frá fyrsta degi fjármálaráðstefnunnar, þann 1. október 2020.



SAMRÁÐSNEFND UM OPINBER FJÁRMÁL

Samráðsnefndin sem er undirnefnd Jónsmessunefndar fundaði reglulega á árinu, m.a. í tengslum við samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga og undirbúning fjármálaáætlunar. Nefndin beitti sér fyrir auknum upplýsingum um fjármál sveitarfélaga á árinu og var stofnuð nefnd undir formennsku Gunnars Haraldssonar, hagfræðings, í því skyni. Nefndin skilaði skýrslu til ráðherra í ágúst sl., en ráðgert er að hún aflu áfram upplýsinga um þróun.

FJÁRMÁLARÁÐSTEFNA

Vegna heimsfaraldurs var [fjármálaráðstefna sveitarfélaga 2020](#) haldin með rafrænu sniði dagana 1. - 2. október. Í kjölfarið voru svo haldnar fimm stafrænar málstofur að jafnaði vikulega, um fjármál sveitarfélaga. Víða var komið við þessum málstofum, en nokkur fókus var á fjárhagsáætlanagerð, rekstur sveitarfélaga og fjármögnun. Á síðustu málstofunni var fjallað um rökinn fyrir fjárhagslegum stuðningi ríkisins við sveitarfélögin og var hagfræðingur frá OECD annar frummælanda.

Í ráðstefnumati var m.a. spurt um hvernig þátttakendum fannst til takast að hafa ráðstefnuna á rafrænu forni. Yfirgnæfandi meirihluti þeirra eða 93% þótti takast vel eða mjög vel með fjarfundaformið. Alls sóttu 408 manns ráðstefnuna sem er nokkuð færra en árið áður. Það hefur sýnt sig að margir nýttu sér aðgengi að streymi og upptökum frá ráðstefnunni en uppsafnað áhorf sýnir yfir 1.600 spilanir á erindunum 28 sem í boði voru.

UPPLÝSINGAR UM ÚTSVAR

Um langt skeið hafa sveitarfélög kvartað yfir skorti á upplýsingum um útsvarsgreiðslur og –stofn. Á árinu var komið á samvinnu við hagstofu um vinnslu mánaðarlegra gagna um staðgreiðslu útsvars. Þar er dregið fram fjöldi launamanna, launagreiðenda og í hvaða atvinnugreinum þeir starfa. Ætlunin er að vinna áfram með hagstofu að frekari þróun.

FJÁRHAGUR HAFNARSJÓÐA OG ÁHRIF COVID-19 Á ÞÁ

Að venju gerði hag- og upplýsingasvið athugun á fjárhagsstöðu hafnarsjóða fyrir Hafnasamband Íslands og var gerð grein fyrir niðurstöðum í sérstakri skýrslu. Óskað var sérstaklega eftir greiningu á áhrifum Covid-19 á fjárhag hafna. Ungur hagfræðinemandi, Sesselía Dan Róbertsdóttir, var ráðinn í það verkefni. Niðurstöður enn fremur kynntar á hafnasambandsþingi sem haldið var rafrænt 27. nóvember.

MÁLEFNI ALDRAÐRA

Nýr þjónustusamningur vegna þjónustu hjúkrunarheimila tók gildi í janúar 2020 og gildir til ársloka 2021. Þrátt fyrir undirritun samninga er ljóst að rekstraraðilar telja mikið vanta upp á til þess að daggjöld standi undir þeirri þjónustu sem þeim er ætlað að veita. Samstarfsnefnd var sett á fót með fulltrúum sambandsins, Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV) og Sjúkratrygginga Íslands. Fulltrúar sambandsins og SFV fóru fram á að óháðum aðila yrði falið að gera úttekt á rekstrarumhverfi hjúkrunarheimila sem rekin eru á daggjaldagrunni. Niðurstaðan varð sú að heilbrigðisráðuneyti skipaði verkefnisstjórn skipuð m.a. fulltrúa sambandsins, er greina skyldi rekstrarumhverfi hjúkrunarheimila. Niðurstöðu er að vænta á fyrstu mánuðum ársins 2021.

Á vormánuðum 2020 setti sambandið á fót óformlegan bakhóp sveitarfélaga sem koma að rekstri hjúkrunarheimila með einum eða öðrum hætti. Erfið rekstrarskilyrði og vanfjármögnun þjónustunnar voru umfjöllunarefni. Einnig var rætt um hindranir við uppbyggingaráform þar sem ríkisvaldið hefur spyrnt þau saman við ábyrgð sveitarfélaga á rekstrinum þrátt fyrir að þjónusta hjúkrunarheimila sé lögbundið verkefni ríkisins. Fjögur sveitarfélög tóku þá ákvörðun á árinu að skila rekstri hjúkrunarheimila til ríkisins og hafa staðið í samningaviðræðum við ríkið vegna þessa. Undir lok árs 2020 óskuðu þau eftir aðkomu sambandsins vegna erfiðra samskipta við Sjúkratryggingar Íslands.

KJARAKÖNNUN

Gerð var [könnun á starfskjörum sveitarstjórnarfólks](#) og niðurstöður birtar í skýrslu sem nálgast má á vef sambandsins. Slíkar kannanir hafa verið gerðar annað hvert ár allt frá árinu 2002 og er þetta því tíunda könnunin sem hefur verið gerð.

Markmiðið er að aflu upplýsinga um kaup og kjör sveitarstjórnarfólks á Íslandi. Þessar upplýsingar nýtast sveitarstjórnnum við ákvörðun á greiðslum til framkvæmdastjóra sveitarfélaga (bæjar- og sveitarstjóra) sveitarstjórnarfulltrúa og einstaklinga sem starfa í nefndum á vegum sveitarfélaganna.



Nefndaskipanir á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga

Svæði	Karlar	Konur	Alls
Höfuðborgarsvæðið	29 - (29)	36 - (36)	65 - (65)
Suðurnes	5 - (5)	4 - (4)	9 - (9)
Vesturland	1 - (2)	7 - (7)	8 - (9)
Vestfirðir	2 - (2)	5 - (2)	7 - (4)
Norðurland vestra	4 - (4)	10 - (9)	14 - (13)
Norðurland eystra	10 - (9)	5 - (5)	15 - (14)
Austurland	7 - (9)	7 - (6)	14 - (15)
Suðurland	9 - (9)	14 - (13)	23 - (22)
Sambandið	39 - (38)	56 - (53)	95 - (91)
Samtals	106 - (107)	144 - (135)	250 - (242)

Á árinu 2020 voru 56 fulltrúar skipaðir í 47 nefndir sem fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga. Alls áttu 152 fulltrúar sæti í 250 nefndum á vegum sambandsins í upphafi árs 2021.

Konur eru í meirihluta þeirra sem eru í nefndum sem sambandið hefur tilnefnt í, 144 á móti 106 körlum eða um 58%. Á árinu 2020 voru 25 konur tilnefndar sem fulltrúar sambandsins í nefndum á móti 31 karli og var hlutfall kynjanna jafnað nokkuð frá því sem var 2019.

Í töflunni hér til hliðar eru tölurnar frá árinu 2019 settar í sviga fyrir aftan samtölu nefndarmanna.

Menntastefna til ársins 2030 byggir á fimm stöðum sem styðja eiga við framtíðarsýn og gildi hennar. Stöðirnar eru; jöfn tækifæri fyrir alla, kennsla í fremstu röð, hæfni fyrir framtíðina, vellíðan í öndvegi og gæði í forgrunni.

SKIPULAGSMÁL

Sambandið veitti [umsögn um frumvarp um breytingar á skipulagslögum](#) þar sem gert er ráð fyrir að unnið verði sérstakt raflínuskipulag sem tekur til svæðis þvert á sveitarfélagamörk. Ekki var sátt um málið innan stjórnar sambandsins.

Viðaukar við landsskipulagsstefnu 2015-2026 voru birtir á vef Skipulagsstofnunar í nóvember. Þar er sett fram stefna um loftslagsmál, landslag og lýðheilsu í tengslum við framkvæmd skipulagsmála og tekur hún eftir atvikum til allra viðfangsefna gildandi landsskipulagsstefnu. Að auki felur tillagan í sér breytingar á gildandi landsskipulagsstefnu varðandi skipulag haf- og strandsvæða. Haldinn var rafrænn upplýsinga- og umræðufundur um málið 22. desember til að ræða áherslur í umsögnum sveitarfélaga og samtaka þeirra. Allar umsagnir sem sambandið veitir má finna á [umsagnavef sambandsins](#).

MENNTASTEFNA TIL 2030


Mennta- og menningarmálaráðherra mælti fyrir [þingsályktun um menntastefnu til ársins 2030](#). Samkvæmt stefnunni byggir framtíðarsýn hennar á einkunnarorðunum framúrskarandi menntun alla ævi og helstu gildi stefnunnar eru þrautseigja, hugrekki, þekking og hamingja. Menntastefnan byggir á fimm stöðum sem styðja eiga við framtíðarsýn og gildi hennar og eru stöðirnar jöfn tækifæri fyrir alla, kennsla í fremstu röð, hæfni fyrir framtíðina, vellíðan í öndvegi og gæði í forgrunni. Í [umsögn sambandsins](#) er m.a. bent á að árangur af stefnumótunarstarfi ráðist fyrst og fremst af þeim aðgerðum sem ráðist er í til að ná markmiðum stefnunnar.

STAÐIÐ VÖRÐ UM SKÓLASTARF

Þann 19. ágúst undirrituðu fulltrúar lykilaðila í starfsemi leik- og grunnskóla sameiginlega yfirlýsingu um leiðarljós skólanna á komandi skólaári. Í yfirlýsingunni er áréttað mikilvægi þess að skólastarf fari fram með eins hefðbundnum hætti og frekast er unnt og réttur allra nemenda til náms sé tryggður. Mikilvægt er að nýta dýrmæta reynslu frá vorinu 2020 og einsettu skólayfirvöld sér að bregðast hratt við þróun mála, nýjum upplýsingum og aðstæðum hverju sinni. Hugsu verði í lausnum og tryggja að nemendur hafi viðeigandi aðstöðu og stuðning til að stunda nám sitt.

Á árinu var lagður grunnur að [litaflokkunarkerfi innan skólasamfélagsins](#), í samráði við almannavarnardeild Ríkislögreglustjóra, sóttvagnaryfirvöld og fulltrúa allra skólastíga, þar sem markmiðið var að auka fyrirsjáanleika og einfalda skipulag sóttvagnaráðstafana í skóla- og frístundastarfi hér á landi. Kerfið er hugsað til viðmiðunar og undirbúnings fyrir skólasamfélagið en það er ekki lagalega bindandi.

Í VIÐAUKA VIÐ LANDSSKIPULAGSSTEFNU 2015-2026 ER SETT FRAM STEFNA UM LOFTSLAGSMÁL, LANDSLAG OG LÝÐHEILSU Í TENGLUM VIÐ FRAMKVÆMD SKIPULAGSMÁLA OG TEKUR EFTIR ATVIKUM TIL ALLRA VIÐFANGSEFNA GILDANDI LANDSSKIPULAGSSTEFNU.



788 MÁL VORU NÝSKRÁÐ Í MÁLASKRÁ SAMBANDS ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA Á ÁRINU 2020. ÞAU VORU 843 ÁRIÐ 2019



Stofnað var viðbragðsteymi sem hafði það hlutverk að safna og miðla upplýsingum, meta stöðu sem upp gat komið og eftir atvikum bregðast við áhrifum COVID-19 faraldursins á mikilvæg þjónustukerfi á landsvísu, m.a. ef upp kom sú staða að ekki væri mögulegt að veita lágmarksþjónustu til tiltekinna hópa eða einstaklinga til skemmri eða lengri tíma.

UMRÆÐUFUNDIR UM SKÓLAMÁL

Niðurstöðum Skólalþings sveitarfélaga, sem haldið var 4. nóvember 2019 undir yfirskriftinni „Á réttu róli?“, var fylgt eftir á fyrsta morgunverðarfundum sambandsins um skólamál þann 17. febrúar. Á skólalþinginu var athygli þátttakenda beint að skipan og umgjörð skólakerfisins fyrst og fremst. Lagðar voru spurningar fyrir fyrirlesara, ungmennaráð og þátttakendur um það hvort og þá hvernig gildandi skólaskipan væri að þjóna nemendum og áskorunum til framtíðar. Afar dýrmætar upplýsingar fengust úr umræðuhópum, svörum frá ungmennaráðum og í erindum fyrirlesara á skólalþinginu.

Margir streymisfundir um skólamál voru haldnir á árinu, m.a. mánaðarlegir fundir í samstarfi við Grunn, sem eru samtök stjórnenda skólaskrifstofa. Þótt Ísland sé vonandi á leið út úr Kófinu er ríkur vilji til þess að nýta fjarfunda fyrirkomulagið áfram til að efla samskipti milli sambandsins og stjórnenda sveitarfélaga um fræðslumál.

SAMEININGAR SVEITARFÉLAGA

Sveitarfélögum fækkaði um þrjú á árinu 2020 þegar sameining fjögurra sveitarfélaga á Austurlandi, Fljótsdalshéraðs, Borgarfjarðar eystri, Seyðisfjarðarkaupstaðar og Djúpavogshrepps, tók gildi. Íbúar hins sameinaða sveitarfélags kusu nýja sveitarstjórn 19. september 2020 og hlaut nýtt sveitarfélag nafnið Múlaþing.

Á Norðurlandi hófust formlegar viðræður um sameiningu Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar. Hið sama á við um öll sveitarfélög í Austur- Húnavatnssýslu. Þá eiga fimm sveitarfélög á Suðurlandi; Rangárþing ytra, Rangárþing eystra, Ásahreppur, Skaftárhreppur og Mýrdalshreppur í formlegum viðræðum um sameiningu. Stefnt er að því að kosið verði um sameiningu sveitarfélaganna á árinu 2021.

Fleiri sveitarfélög skoðuðu mögulega sameiningakosti á árinu 2020 án þess að hefja formlegar viðræður þar um.

FÉLAGSÞJÓNUSTA OG COVID-19

Við upphaf heimsfaraldurs fengu ríki og sveitarfélög fjölbreyttar áskoranir í hendur. Í kjölfar samkomutakmarkana og hertra sóttvarna lá ljóst fyrir að grunnþjónusta við fatlað fólk, aldraða, innflytjendur og fleiri hópa gæti breyst og íverstu tilfellum lagst niður. Til þess að tryggja að ekki yrði þjónusturof í þjónustu ríkis og sveitarfélaga ákváðu félagsmálaráðuneytið, samgöngu og sveitarstjórnarráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga að þetta samstarf sitt og færa það upp á annað stig en þekkt hafði í eðlilegum farvegi. Stofnað var viðbragðsteymi sem hafði það hlutverk að safna og [miðla upplýsingum](#), meta stöðu sem upp gat komið og eftir atvikum bregðast við áhrifum COVID-19 faraldursins á mikilvæg þjónustukerfi á landsvísu, m.a. ef upp kom sú staða að ekki væri mögulegt að veita lágmarksþjónustu til tiltekinna hópa eða einstaklinga til skemmri eða lengri tíma.

Samhliða stofnun viðbragðsteymis var sett á laggirnar bakvarðarsveit velferðarþjónustunnar sem sveitarfélög og aðrar stofnanir gátu leitað til ef upp kæmi smit og mönnun grunnþjónustu stæði höllum fæti. Alls voru skráðir 1.500 sjálfbóðaliðar í bakvarðarsveitina með fjölbreyttan bakgrunn sem nýttist vel. Ítrekað var leitað til bakvarðarsveitarinnar sérstaklega í fyrstu bylgju faraldursins.

Vegna COVID-19 heimsfaraldursins var sveitarstjórnnum veitt heimild til að víkja frá tilteknum ákvæðum sveitarstjórnarlaga til að tryggja starfshæfi sitt og auðvelda ákvarðanatöku við stjórn sveitarfélags.



Þegar leið undir lok fyrstu bylgju faraldursins var ljóst að ekki var lengur mikil hætta á þjónusturofi. Smitum fór fækkandi í samfélaginu og því mikilvægt að fara að huga að endurreisn og að koma þjónustunni aftur í eðlilegt horf. Þá ákváðu samstarfsaðilar viðbragðsteymisins að skipta yfir í uppbyggingu og setja félags- og atvinnumál undir þann hatt. Áfram yrði byggt á upplýsingaöflun í stöðuskýrslum en að málaflökkarnir yrðu fleiri. Þannig var markmiðið að augu sveitarfélaga, félagasamtaka, stofnana og ráðuneytis væru sameiginlega á vinnumarkaðsmál, húsnæðismál, félagsþjónustu, fjárhagsaðstoð, atvinnuleysi, fjárhagsstöðu heimilanna og síðast en ekki síst að fylgja eftir aðgerðum ríkisstjórnarinnar sem snertu þessa málaflokka þannig að hægt væri að horfa á það samræmt með augum ólíkra aðila.

SÁTTMÁLI SP UM RÉTTINDI FATLAÐS FÓLKS

Sambandið efndi til fræðslufundar um Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Meðal frummælenda á fundinum var Rannveig Traustadóttir, prófessor við Háskóla Íslands, Sigurjón Unnar Sveinsson, lögmaður ÖBÍ og Bergur Þorri Benjamínsson, formaður Sjálfsbjargar. Einnig voru á fundinum sýnd innslög frá notendum NPA á Íslandi þar sem því er lýst hvernig NPA hefur breytt lífi þeirra. Erindin voru tekin upp og má finna þau á [síðu fundarins](#).

FRAMKVÆMD FJARFUNDA SVEITARSTJÓRNA OG NEFNDA

Vegna COVID-19 heimsfaraldursins veitti samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra sveitarstjórnnum heimild til að víkja frá [tilteknum ákvæðum sveitarstjórnarlaga](#) til að tryggja starfshæfi sitt og auðvelda ákvarðanatöku við stjórn sveitarfélags. Heimildin hefur verið framlengd tvisvar sinnum og gildir nú til 10. mars 2021.

Algengast var að sveitarfélög nýttu sér þann möguleika að halda sveitarstjórnarfundi og nefndarfundi í fjarfundi og staðfesting fundargerða var með öðrum hætti en mælt er fyrir um í 10. og 11. gr. auglýsingar um leiðbeiningar um ritun fundargerða sveitarstjórna. Reyndist þörf á því að áréttta að ekki er heimilt að víkja frá því skilyrði sveitarstjórnarlaga að sveitarstjórnarfundir séu opnir fundir. Það þýddi að ef sveitarstjórnarfundir fóru fram í fjarfundi þá varð að finna

tæknilega útfærslu til þess að senda út fundi svo þeir væru sannanlega opnir fundir í skilningi sveitarstjórnarlaga.

LOFTSLAGSMÁL

Nokkurt hlé varð á vinnu samráðsvettvangs um loftslagsmál og heimsmarkmið SP vegna COVID-19 en þráðurinn var tekinn upp á [samráðsfundi í október](#). Þar voru haldin fróðleg erindi um skipulagsmál, ríkisrekstur, hringrásarhagkerfi og umhverfisbókhalð í samhengi loftslagsmála og sveitarfélaga. Meginefni fundarins var hlutverk *Verkfærakistu sveitarfélaga í loftslagsmálum*. Verkfærakistan er hugsuð sem tól sem á að nýtast sveitarfélögum, stórum sem og smáum, við mótun loftslagsstefnu og tengdri aðgerðaáætlun – og auðveldar jafnframt að fylgjast með árangri frá ári til árs. Á fundinum tóku þátttakendur virkan þátt í umræðum og komu með góð innlegg í vinnu samráðshópsins að mótun verkfærakistu sveitarfélaganna í loftslagsmálum. Gert er ráð fyrir að fyrsta útgáfa verkfærakistu verði tilbúin í maí eða júní 2021.

ÚRGANGSMÁL

Fenúr – fagrúð um endurnýtingu og úrgang vann að þýðingu og staðfæringu á nýju og samræmdu norrænu merkingakerfi fyrir úrgang. Slíkt merkingakerfi er mikilvægt til að stuðla að betri flokkun og styður við bættu úrgangsstjórnun á Íslandi.

ÞANNIG VAR MARKMIÐIÐ AÐ AUGU SVEITARFÉLAGA, FÉLAGASAMTAKA, STOFNANA OG RÁÐUNEYTISS VÆRU SAMEIGINLEGA Á VINNUMARKAÐSMÁL, HÚSNÆÐISMÁL, FÉLAGSÞJÓNUSTU, FJÁRHAGSAÐSTOÐ, ATVINNULEYSI, FJÁRHAGSSTÖÐU HEIMILANNA OG SÍÐAST EN EKKI SÍST AÐ FYLGJA EFTIR AÐGERÐUM RÍKISSTJÓRNARINNAR SEM SNERTU ÞESSA MÁLAFLOKKA ÞANNIG AÐ HÆGT VÆRI AÐ HORFA Á ÞAÐ SAMRÆMT MEÐ AUGUM ÓLÍKRA AÐILA.

Stofnað var stafrænt ráð sveitarfélaga í október þar sem landshlutasamtökin tilnefndu fulltrúa í ráðið. Stafræna ráðið valdi verkefnið „*Umsókn um fjárhagsaðstoð*“ sem fyrstu sameiginlegu sjálfsafgreiðslulausnina sem unnið verður að.



ÍBÚASAMRÁÐSVERKEFNI

Íbúasamráðsverkefni sambandsins og Akureyrarbæjar lauk á árinu með [rafrænu málþingi í nóvember](#) þar sem þátttökusveitarfélögin fjögur kynntu verkefni sín og lærdóm. Um leið var opnuð vefsíða um verkefnið og afrakstur þess.

JAFNRÉTTISMÁL

Sambandið stóð, ásamt Jafnréttisstofu, að árlegum landsfundi sveitarfélaga um jafnréttismál í september. Sambandið hefur samkvæmt jafnréttislögum átt fulltrúa í jafnréttisráði. Ný jafnréttislög, 150/2020, um jafnan rétt og stöðu kynjanna voru samþykkt á Alþingi í desember. Samkvæmt þeim hefur jafnréttisráð í sinni gömlu mynd verið aflagt. Í staðinn kemur breiður samráðsveitvangur um jafnréttismál sem ráðherra jafnréttismála á að kalla saman árlega til ráðgjafar um faglega stefnumótun í jafnréttismálum.

STAFRÆN MÁL

Faghópur um stafræna umbreytingu var stofnaður þar sem þátttakendur fara með stafræna þróun innan síns sveitarfélags og koma frá stórum og litlum sveitarfélögum. Faghópurinn fundaði 17 sinnum á árinu og var mjög stefnumarkandi um stafræna þróun og samstarf.

Haldnar voru kynningar um stafræna þróun og hvað hún þýðir og getur þýtt fyrir öll sveitarfélög í samstarfi hvað stafræn þróun þýðir og getur þýtt fyrir öll sveitarfélög í samvinnu við landshlutasamtök sveitarfélaga.

[Stafræn ráðstefna](#) var haldin 12. maí þar sem fyrirlesari var m.a. fenginn frá Danmörku.

Framkvæmd var greining á tæknilegum innviðum sveitarfélaga og einnig á stafrænni stöðu þjónustuferla sveitarfélaga sem sveitarfélög fengu svo senda skýrslu um.

Greind voru forgangsverkefni í samvinnu sveitarfélaga vegna fjármagns í stafræna stjórnsýslu úr aðgerðarpakka 2 frá ríkisstjórninni vegna COVID-19.

Stofnað var stafrænt ráð sveitarfélaga í október þar sem landshlutasamtökin tilnefndu framkvæmdastjóra eða pólitískt kjörna fulltrúa í ráðið. Stafræna ráðið valdi verkefnið „*Umsókn um fjárhagsaðstoð*“ sem fyrstu sameiginlegu sjálfsafgreiðslulausnina sem unnið verður að og verður styrkur sem fékkst frá ríkinu nýttur við framleiðslu á þeirri lausn, auk gagnatenginga við gagnasöfn ríkisins.

Kynningar voru einnig haldnar fyrir öll sveitarfélög vegna sameiginlegrar fjármögnunar tveggja einstaklinga í miðlægt stafrænt teymi sveitarfélaga sem fyrirhugað er að stofna 2021.

SAMSTARFSVETTANGUR SVEITARFÉLAGA UM HEIMSMARKMIÐIN OG LOFTSLAGSMÁL

Tveir tengiliðafundir voru haldnir, annars vegar í upphafi mars í Mosfellsbæ undir yfirskriftinni [Finnum samnefnara](#) og hins vegar með rafrænum hætti í október undir yfirskriftinni: [Loftslagsmál – Hvaða verkfæri þurfa sveitarfélögin til að draga úr losun?](#)

Ýmsir viðburðir féllu niður eða var frestað, s.s. Nýsköpunardagur hins opinbera og nýsköpunarmót, sem og námsferð fyrir sveitarstjórnarmenn til Noregs til að kynna sér sameiningar sveitarfélaga

Almennt má segja að rafrænir sérfræðingafundir hafi sannaði sig og gáfu nýja möguleika á þátttöku sérfræðinga sambandsins.



ERLENT SAMSTARF SAMBANDSINS

Allir viðburðir, sem búið var að skipuleggja á árinu, féllu niður fyrir utan einn fund í pólitískri stefnumótunarnefnd CEMR sem var haldinn í janúar. Þannig féllu niður í fyrsta skipti í sögu Sveitarstjórnarþings Evrópuráðsins vor- og haustþing í Strasbourg. Allsherjarþing hagsmunasamtaka evrópskra sveitarfélagasambanda, CEMR sem átti að halda í Innsbruck í Austurríki í maí, féll líka niður. Ekki varð heldur af fundi EES EFTA sveitarstjórnarvettvangsins hér á landi í júní. Allir norrænir samstarfsfundir féllu einnig niður.

Rafrænir fundir voru að nokkru leyti skipulagðir í staðinn. Þeir reyndust misvel. Almenn má segja að rafrænir sérfræðingafundi, sérstaklega á vegum CEMR, hafi sannað sig og gáfu nýja möguleika á þátttöku sérfræðinga sambandsins. Pólitískir rafrænir fundir reyndust meiri áskorun. Sérstaklega á það við um fundi á vegum Sveitarstjórnarþingsins, enda þarf á þeim vettvangi að gæta mjög vel að öryggismálum vegna atkvæðagreiðslna um afgreiðslu ályktana.

Haldinn var rafrænn fundur í EES Sveitarstjórnarvettvanginum í júní og annar er áætlaður í janúar 2021 með nýju sniði til að virkja betur fulltrúa í vettvanginum.

EES VERKEFNI

Flest verkefni frestuðust. Þó tóku sambandið og þrjú önnur sveitarfélög þátt í tékknesku íbúasamráðsmálþingi 25. nóvember í stað ferðar sem átti að fara sl. vor.

EES EFTA SVEITARSTJÓRNARVETTVAÐUR

[Vorfundur vettvangsins](#) var haldinn í Noregi. Á fundinum voru samþykktar tvær ályktanir. Annars vegar um Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og áætlun ESB um sjálfbæra þróun og hins vegar um leiðbeinandi

siðareglur ESB um hagnýtingu gervigreindar. Rakel Óskarsdóttir, stjórnarmaður í sambandinu, var kjörin formaður EES EFTA sveitarstjórnarvettvangsins á fundinum.

[Haustfundur Sveitarstjórnarvettvangsins](#) var haldinn í desember en á honum var samþykkt ályktun um evrópskar aðgerðir vegna lýðræðisáskorana, til að berjast gegn öfgahyggju og hatursumræðu gagnvart kjörnum fulltrúum. Einnig var samþykkt ályktun um tillögur sem gætu takmarkað svigrúm sveitarfélaga til miðbæjarskipulags vegna ákvæða í þjónustutillskipun ESB um frjálst flæði þjónustu.

SVEITARSTJÓRNARÞING EVRÓPURÁÐSINS

[Vorþing sveitarstjórnarþingsins](#) var haldið í apríl. Yfirskrift þingsins var „Bæjarstjórar standa vörð um lýðræðið“. Þingið samþykkti fjölmargar ályktanir, þ. á m. um þóknarir til sveitarstjórnarmanna, um aðgerðir til að berjast gegn frændhygli í ráðningum og um mikilvægt hlutverk uppljóstrara á sveitarstjórnarstigi og hvernig sé hægt að styrkja stöðu þeirra.

[Haustþingið fór fram í október](#). Á þinginu var kastljósinu beint að starfsaðstæðum kjörinna fulltrúa og skorti á frambjóðendum annars vegar, og snjallborgartækifærum og netöryggisáskorunum hins vegar. Hefðbundin mál voru einnig á dagskrá, s.s. úttektir á stöðu sveitarfélaga í aðildarlöndum gagnvart Evrópusáttmála um sjálfstjórn sveitarfélaga og framkvæmd sveitarstjórnarkosninga í þeim.



SETURÉTT Á XXXV. LANDSPINGI, SEM HALDIÐ VAR Í DESEMBER 2020, ÁTTU 150 FULLTRÚAR FRÁ 68 SVEITARFÉLÖGUM. ALLS MÆTTU TIL LANDSPINGS 218 FULLTRÚAR AUK GESTA OG STARFSMANNA SAMBANDSINS. ÞINGIÐ VAR HALDIÐ MEÐ RAFRÆNUM HÆTTI Í FYRSTA SINN Í SÖGU SAMBANDSINS.

XXXV. landsþing sambandsins

- Fulltrúar með atkvæðisrétt
- Fulltrúar með málfrelsi og tillögurétt



XXXV. landsþing, 18. desember 2020

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga hélt 16 fundi á árinu 2020 og tók fyrir 343 dagskrárliði.

Tölfræði úr starfsemi sambandsins

Upptökur af fundum á árinu 2020

◆ 81%

Funda sem sambandið stóð fyrir eða vann að í samvinnu við aðra á árinu 2020 voru teknir upp, 21 af 26

◆ 3.163

Horfðu á upptökur frá fundum á árinu 2020. Flestir horfðu á erindi frá morgunverðarfundi um niðurstöður skólaþings 2019 94 alls

◆ 37

Fjöldi myndbanda sem horft var á til enda. Flestir horfðu til enda á erindi Björgvins Víkingssonar, forstjóra Ríkiskaupa á fjármálaráðstefnu um rekstur og opinber innkaup

◆ 2.475

Horfðu á upptökur úr borð- eða fartölvum, 611 í síma, 76 á spjaldtölvu og 1 í gegnum Apple TV

◆ 24 dagar

Samtals var horft á upptökur frá árinu 2020 í 24 daga, 5 klst, 56 mínútur og 24 sekúndur

◆ 195

Erindi voru tekin upp á 27 fundum eða 7,2 erindi að meðaltali á hverjum fundi

STARFSMANNAFÉLAG SAMBANDS ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA ER ÁKAFLEGA ÖFLUGT OG STENDUR FYRIR MARGVÍSLEGUM VIÐBURÐUM ÁR HVERT. ÁRIÐ 2020 VAR TAKMÖRKUNUM HÁÐ VEGNA COVID-19 EN FERÐ STARFSAMANNA UM SUÐURLAND Í JÚNÍ VAR EINSTAKLEGA VEL HEPPNUÐ ÞAR SEM EKIÐ VAR Á FJÓRHJÓLI UM SVARTA SANDA ÖLFUSSINS OG ÞEYST MEÐ FRAM STRÖNDinni ÚTI FYRIR ÞORLÁKSHÖFN.



VINNUSTAÐAGREINING

Í mars var framkvæmd vinnustaðagreining hjá sambandinu í samvinnu við fyrirtækið Maskínu. Markmið greiningarinnar var að kanna viðhorf starfsfólks til ýmissa þátta er varða starfið og vinnustaðinn. Niðurstöður voru almennt séð mjög góðar en einnig kom fram að eitthvað starfsfólk var undir töluverðu vinnuálagi og með streitueinkenni. En þrátt fyrir streitu og vinnuálag þá kom í ljós að starfsfólk getur samræmt vinnu og einkalíf, er ánægt í vinnunni, myndi mæla með vinnustaðnum og telur að það sé góður starfsandi hjá sambandinu. Stjórnendur fengu með greiningunni gagnlegar upplýsingar sem unnið var með til að gera sambandið að enn betri vinnustað.

Tilraunaverkefni um heimavinnu

Í desember 2019 var lagt af stað með tilraunaverkefni í heimavinnu og var það ágætis æfing fyrir Covid-19 og alla á heimavinnu sem henni fylgdi. Útbúnar voru grunnreglur fyrir verkefnið sem verða metnar þegar tilraunaverkefninu

lýkur en ákveðið hefur verið að framlengja það út maí 2021. Ef niðurstöður verða jákvæðar er stefnan að innleiða heimavinnu að hluta í starfsemi sambandsins.

ÞJÓNUSTUKÖNNUN

Könnun var gerð á þjónustu sambandsins í samvinnu við fyrirtækið Maskínu. Könnunin var lögð fyrir starfsfólk sveitarfélaga og kjörna fulltrúa þeirra. Markmiðið var að kanna viðhorf þeirra til Sambands íslenskra sveitarfélaga og athuga ánægju með þjónustu sambandsins. Könnunin fór fram dagana 26. október til 16. nóvember 2020. Í úrtakinu voru 762 starfsmenn og kjörnir fulltrúar sveitarfélaga, svarendur voru 435. Rúmlega 60% svarenda voru fremur eða mjög ánægðir með þjónustu sambandsins og um 83% þeirra bera fremur eða mjög mikið traust til starfsfólks sambandsins. Mjög gagnlegar upplýsingar komu fram í niðurstöðum könnunarinnar og hefur starfsfólk sambandsins unnið áfram með þær til að bæta þjónustu sambandsins enn frekar. Til stendur að endurtaka þjónustukönnunina á haustmánuðum 2021.



FRÁ 12. MARS SINNTI STARFSFÓLK SAMBANDSINS OG LÁNASJÓÐSINS STARFI SÍNU AÐ HEIMAN EN UM MITT SUMAR VAR STUND MILLI STRÍÐA OG HÖPURINN SAMEINADIST Á NÝ. FÖSTUDAGINN 19. JÚNÍ VORU STRENGIR STILLTIR SAMAN OG HALDIÐ Í HÓPEFLISFERÐ Í SVEITARFÉLAGIÐ ÖLFUS OG TIL HVERAGERÐISBÆJAR ÞAR SEM BÆJARSTJÓRINN OG FORMAÐUR SAMBANDSINS, ALDÍS HAFSTEINSDÓTTIR, TÓK Á MÓTI HÖPNUM OG SÝNDI HONUM BÆJARSKRIFSTOFUNAR ÁSAMT HELGU KRISTJÁNSDÓTTUR SKRIFSTOFUSTJÓRA.



STARFSMENN SAMBANDSINS NÁÐU Á ÖRSKÖMMUM TÍMA Á FYRSTA FJÓRDUNGI ÁRSINS 2020 EINSTAKLEGA GÓÐUM TÖKUM Á FORRITINU MICROSOFT TEAMS. LANGSTÆRSTUR HLUTI INNHÁSS FUNDA, SEM OG UTANHÚSS, FÓRU FRAM Í GEGNUM ÞAÐ FORRIT.

Við árslok 2020 voru **starfsmenn sambandsins** 29 talsins í 28,4 stöðugildum

Starfsmenn sambandsins í lok árs 2020

Framkvæmdastjóri:

Karl Björnsson

Hag- og upplýsingasvið:

Sigurður Á. Snævarr sviðsstjóri

Jóhannes Á. Jóhannesson sérfræðingur

Valgerður Freyja Ágústsdóttir sérfræðingur

Kjarasvið:

Inga Rún Ólafsdóttir sviðsstjóri

Benedikt Þór Valsson hagfræðingur

Berglind Eva Ólafsdóttir sérfræðingur

Bjarni Ómar Haraldsson sérfræðingur

Ellisif Tinna Víðisdóttir lögfræðingur

Margrét Sigurðardóttir sérfræðingur

Lögfræði- og velferðarsvið:

Guðjón Bragason sviðsstjóri

Bryndís Gunnlaugsdóttir lögfræðingur

Eygerður Margrétardóttir verkefnisstjóri

Klara E. Finnbogadóttir sérfræðingur

María Ingibjörg Kristjánsdóttir

félagsþjónustufulltrúi

Svandís Ingimundardóttir skólamálafulltrúi

Tryggvi Þórhallsson lögfræðingur

Valgerður Rún Benediktsdóttir

lögfræðingur

Þórður Kristjánsson sérfræðingur

Rekstrar- og útgáfusvið:

Valur Rafn Halldórsson sviðsstjóri

Guðmunda Oliversdóttir bókari

Ingibjörg Hinriksdóttir, tækni-

og þjónusturáðgjafi

Kolbrún Erna Magnúsdóttir skjalastjóri

Ragnheiður Snorradóttir gjaldkeri

Sigríður Inga Sturludóttir móttökuritari

Þóra Helgadóttir, bókari og launafulltrúi

Þróunar- og alþjóðasvið:

Anna Guðrún Björnsdóttir sviðsstjóri

Fjóra María Ágústsdóttir, breytingastjóri

stafrænnar þjónustu

Óttar Freyr Gíslason, forstöðumaður

Brussel-skrifstofu sambandsins

05

Ársreikningur
Sambands íslenskra sveitarfélaga
2020

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnenda.....	43	Efnahagsreikningur.....	47
Áritun óháðs endurskoðanda.....	44	Sjóðstreymisyfirlit.....	48
Rekstrarreikningur.....	46	Skýringar.....	49

Skýrsla og áritun stjórnenda

Samband íslenskra sveitarfélaga var stofnað árið 1945 og er meginhlutverk þess að vera sameiginlegur málsvari sveitarfélaganna í landinu og að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum þeirra og samstarfi. Samtals eru 68 af 69 sveitarfélögum með aðild að sambandinu en Tjörneshreppur fór úr sambandinu 18. desember 2020.

Á árinu 2009 var stofnaður sérstakur tryggingasjóður, Bakhjarl Sambands íslenskra sveitarfélaga, og er gerð nánari grein fyrir honum í skýringu 2.

Ársreikningur Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2020 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Í ársreikningnum er gerð grein fyrir reikningssskilaaðferðum sem eru þær sömu og á fyrra ári.

Samkvæmt rekstrarreikningi voru rekstrartekjur 658,8 m.kr. á árinu 2020 en rekstrargjöld 652,0 m.kr. Rekstrarafkoma ársins fyrir fjármagnsliði var því jákvæð um 6,7 m.kr. en að teknu tilliti til fjármunatekna og fjármagnsgjalda var afkoma ársins jákvæð um 6,9 m.kr.

Laun og launatengd gjöld samkvæmt rekstrarreikningi námu samtals 518,0 m.kr. Þar af eru laun vegna stjórnar, nefnda og ráða 24,8 m.kr. Ársverk starfsmanna voru 28,8.

Heildareignir sambandsins samkvæmt efnahagsreikningi í árslok 2020 nema 266,1 m.kr. en skuldir námu 96 m.kr. Eigið fé samkvæmt efnahagsreikningi nam 170,1 m.kr. í árslok 2020.

Covid-19 hafði mikil áhrif á rekstur sambandsins á árinu en þrátt fyrir að tekjur hafi verið 61,2 m.kr. lægri en áætlanir gerðu ráð fyrir var sambandið rekið með hagnaði á árinu þar sem rekstrarútgjöld lækkuðu um 65,2 m.kr. m.v. fjárhagsáætlun ársins 2020.

Stjórn, framkvæmdastjóri og sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga staðfesta hér með ársreikning sambandsins fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Reykjavík 26. febrúar 2021

Stjórn:

Aldís Hafsteinsdóttir

Heiða Björg Hilmisdóttir

Eyþór Laxdal Arnalds

Gunnar Einarsson

Guðmundur Ari Sigurjónsson

Ásgerður K. Gylfadóttir

Dóra Björt Guðjónsdóttir

Rakel Óskarsdóttir

Bjarni Jónsson

Kristján Þór Magnússon

Jón Björn Hákonarson

Framkvæmdastjóri:

Karl Björnsson

Sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs:

Valur Rafn Halldórsson

Ársreikningur þessi var samþykktur á stjórnarfundum þann 26. febrúar 2021 og undirritaður með rafrænum hætti í framhaldi af fundinum.

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Sambands Íslenskra sveitarfélaga („sambandið“) fyrir árið 2020. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu sambandsins 31. desember 2020 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2020, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð sambandinu í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi sambandsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa sambandið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

Áritun óháðs endurskoðanda frh.

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits sambandsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi sambandsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreiknings eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni haft neikvæð áhrif á rekstrarhæfi sambandsins.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 26. febrúar 2021

KPMG
ehf.

Rekstrarreikningur ársins 2020

	Skýr.	Ársreikningur 2020	Fjárhagsáætlun 2020	Ársreikningur 2019
Rekstrartekjur:				
Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga		502.282.974	532.200.000	511.155.656
Framlag Bakhjarls sambandsins		0	10.000.000	0
Seldar vörur og þjónusta		110.585.549	138.417.000	106.497.919
Aðrar tekjur		45.909.976	39.350.000	48.949.959
	10	<u>658.778.499</u>	<u>719.967.000</u>	<u>666.603.534</u>
Rekstrargjöld:				
Laun og launatengd gjöld	11	518.029.668	499.578.000	474.945.541
Annar rekstrarkostnaður	12	131.831.880	215.450.310	176.168.160
Afskriftir	14	2.176.493	2.176.000	2.176.493
		<u>652.038.041</u>	<u>717.204.310</u>	<u>653.290.194</u>
Rekstrarafkoma ársins		<u>6.740.458</u>	<u>2.762.690</u>	<u>13.313.340</u>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):				
Vaxtatekjur		160.567	588.000	510.894
Vaxtagjöld		(3.260)	(68.493)	(88.719)
		<u>157.307</u>	<u>519.507</u>	<u>422.175</u>
Afkoma ársins	16, 20	<u>6.897.765</u>	<u>3.282.197</u>	<u>13.735.515</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

Eignir

	Skýr.	2020	2019
Fastafjármunir:			
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
65% fasteignarinnar að Borgartúni 30, 5. hæð, Rvk.....	6, 14	74.517.890	76.694.383
Áhættufjármunir:			
Eignarhlutir í félögum.....	7	120.711	120.711
		<u>74.638.601</u>	<u>76.815.094</u>
Veltufjármunir:			
Óinnheimtar tekjur.....	15	30.176.432	26.400.172
Ýmsar skammtímakröfur.....	15	39.610.767	45.796.075
Handbært fé.....	8	121.642.741	105.882.966
		<u>191.429.940</u>	<u>178.079.213</u>
		266.068.541	254.894.307

Eigið fé og skuldir

Eigið fé:			
Eiginfjárreikningur.....	16	170.100.796	178.203.031
Skammtímaskuldir:			
Viðskiptaskuldir.....		12.436.254	18.245.930
Aðrar skammtímaskuldir.....		83.531.491	58.445.346
		<u>95.967.745</u>	<u>76.691.276</u>
		266.068.541	254.894.307

Sjóðsstreymisyfirlit árið 2020

	Skýr.	Ársreikningur 2020	Fjárhagsáætlun 2020	Ársreikningur 2019
Rekstrarhreyfingar:				
Afkoma ársins samkvæmt rekstrarreikningi.....	16	6.897.765	3.282.197	13.735.515
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:				
Afskriftir.....	14	2.176.493	2.176.493	2.176.493
Veltufé frá rekstri		<u>9.074.258</u>	<u>5.458.690</u>	<u>15.912.008</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:				
Skammtímakröfur lækkun (hækkun).....		2.409.048	(9.842.195)	26.095.245
Skammtímaskuldir lækkun (lækkun).....		19.276.469	(1.597.495)	(5.820.964)
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum		<u>21.685.517</u>	<u>(11.439.690)</u>	<u>20.274.281</u>
Handbært fé frá, (til) rekstrar		<u>30.759.775</u>	<u>(5.981.000)</u>	<u>36.186.289</u>
Fjárfestingarhreyfingar:				
Framlag til Bakhjarls sambandsins.....	16	(15.000.000)	(25.000.000)	0
		<u>(15.000.000)</u>	<u>(25.000.000)</u>	<u>0</u>
Hækkun, (lækkun) á handbæru fé.....		15.759.775	(30.981.000)	36.186.289
Handbært fé í ársbyrjun.....		<u>105.882.966</u>	<u>105.882.966</u>	<u>69.696.677</u>
Handbært fé í árslok.....		<u>121.642.741</u>	<u>74.901.966</u>	<u>105.882.966</u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

- 1 Ársreikningur Sambands íslenskra sveitarfélaga er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.
- 2 Á árinu 2009 var stofnaður sérstaktur tryggingasjóður, Bakhjarl Sambands íslenskra sveitarfélaga, til að annast vörslu og ávöxtun þeirra fjármuna sem komu í hlut sambandsins við uppgjör Bjargráðasjóðs á því ári. Markmiðið er að raunvextir fjármuna Bakhjarls, og eftir atvikum höfuðstóll hans, verði á hverjum tíma nýttir til að standa undir lífeyrisskuldbindingum vegna starfsmanna sambandsins og fyrrverandi starfsmanna Bjargráðasjóðs. Einnig er Bakhjarli ætlað að standa á bak við rekstur sambandsins, eins og nafn hans gefur til kynna. Ekki kom til þess að veitt yrði sérstakt rekstrarframlag úr Bakhjarli til sambandsins á árinu 2020, en lífeyrisskuldbinding sambandsins og áhrif af uppgjöri við Brú lífeyrissjóð vegna starfsmanna sambandsins eru færð í bókhaldi Bakhjarls. Gerð eru sérstök reikningsskil fyrir tryggingarsjóðinn.
- 3 Samband íslenskra sveitarfélaga hefur sameiginlegt skrifstofuhald með Lánasjóði sveitarfélaga ohf., samkvæmt sérstökum samningi sem gerður var á árinu 2004. Sambandið og Lánasjóður sveitarfélaga eiga og reka saman skrifstofuhúsnæði á 5. hæð í Borgartúni 30.

Sameiginlegur skrifstofukostnaður samstarfsstofnana á árinu kemur fram í skýringu 13 í ársreikningnum. Til gjalda í rekstri er færð hlutdeild sambandsins í rekstri húsnæðis, en hlutdeild samstarfsstofnana í öðrum rekstrarkostnaði er færð meðal tekna.

Innlausn tekna

- 4 Megintekjustofn sambandsins er framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og er það fært til tekna mánaðarlega miðað við útborgun sjóðsins. Framlagið byggist á lögum nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga með síðari breytingum og nemur 1,59% af almennu framlagi ríkissjóðs til jöfnunarsjóðsins og 1,59% af hlutdeild jöfnunarsjóðs í útsvarstekjum sveitarfélaga.

Tekjur af sölu vöru og þjónustu eru færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

Færsla gjalda

- 5 Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljenda hefur myndast.

Varanlegir rekstrarfjármunir

- 6 Eignarhlutur í fasteign er færður til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til 10% niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími er þannig:

Fasteign..... 50 ár

Kostnaður vegna endurnýjunar á skrifstofubúnaði er gjaldfærður í rekstrarreikningi.

Eignarhlutir í félögum

- 7 Sambandið á eignarhlut í Endurvinnslunni hf. og er hann færður til eignar í efnahagsreikningi á framreiknuðu kostnaðarverði 89.461 kr. til ársloka 2001. Á árinu 2010 var lagt fram hlutafé í Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf. að fjárhæð 31.250 kr. og er það fært til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði.

Handbært fé

- 8 Sjóðir og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

Fjárhagsáætlun

- 9 Fjárhagsáætlun sambandsins fyrir árið 2020 er hluti ársreikningsins og er hún birt í rekstrarreikningi, sjóðstreymisýfirliti og skýringum.

Skýringar frh.

Rekstrartekjur

10 Rekstrartekjur greinast þannig:

	Ársreikningur 2020	Fjárhagsáætlun 2020	Ársreikningur 2019
Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.....	502.282.974	532.200.000	511.155.656
Framlag Bakhjarls til sambandsins.....	0	10.000.000	0
	<u>502.282.974</u>	<u>542.200.000</u>	<u>511.155.656</u>
Seldar vörur og þjónusta:			
Sveitarfélög.....	68.064.697	80.879.000	49.506.263
Ráðstefnu- og námskeiðsgjöld.....	365.500	15.607.000	15.349.500
Bækur, auglýsingar o.fl.....	2.970.369	4.600.000	5.432.318
Samstarfsstofnanir.....	39.184.983	37.331.000	36.209.838
	<u>110.585.549</u>	<u>138.417.000</u>	<u>106.497.919</u>
Aðrar tekjur:			
Ráðuneyti og ríkisstofnanir.....	9.143.158	3.100.000	2.444.290
Önnur framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.....	36.266.818	36.250.000	44.634.341
Styrkir og endurgreiðslur.....	500.000	0	1.871.328
	<u>45.909.976</u>	<u>39.350.000</u>	<u>48.949.959</u>
Rekstrartekjur samtals.....	<u>658.778.499</u>	<u>719.967.000</u>	<u>666.603.534</u>

Starfsmannamál

11 Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	Ársreikningur 2020	Fjárhagsáætlun 2020	Ársreikningur 2019
Laun.....	414.625.762	408.641.000	385.299.023
Launatengd gjöld.....	93.251.497	91.187.000	89.170.036
Áfallið orlof, breyting.....	10.152.409	(250.000)	476.482
	<u>518.029.668</u>	<u>499.578.000</u>	<u>474.945.541</u>
Ársverk starfsmanna.....	28,8	28,6	28,5

Annar rekstrarkostnaður

	Ársreikningur 2020	Fjárhagsáætlun 2020	Ársreikningur 2019
12 Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:			
Vörukaup.....	17.271.904	32.710.150	30.251.363
Þjónustukaup.....	109.067.544	172.168.310	140.601.557
Skattar og opinber gjöld.....	3.921.482	4.571.850	3.985.240
Styrkir og framlög.....	1.570.950	6.000.000	1.330.000
Annar rekstrarkostnaður samtals.....	<u>131.831.880</u>	<u>215.450.310</u>	<u>176.168.160</u>

Skýringar frh.

Sameiginlegur kostnaður samstarfsstofnana

- 13 Sameiginlegur kostnaður sambandsins og Lánasjóðs sveitarfélaga ohf., sbr. skýringu 3, nam 161,7 m.kr. á árinu 2020 og skiptist hann þannig:

	Sambandið	Lánasjóður	Samtals
Rekstur húsnæðis.....	15.500.172	8.346.246	23.846.418
Annar sameiginlegur kostnaður.....	115.069.130	22.830.780	137.899.910
Samtals.....	<u>130.569.302</u>	<u>31.177.026</u>	<u>161.746.328</u>
Hlutfall.....	80,7%	19,3%	100%

Varanlegir rekstrarfjármunir

- 14 Bókfært verð 65% eignarhluta sambandsins í 5. hæð fasteignarinnar að Borgartúni 30 greinist þannig:

Stofnverð 1.1.2020.....	108.824.660
Afskrifað áður.....	<u>(32.130.277)</u>
Bókfært verð 1.1.2020.....	76.694.383
Afskrifað á árinu.....	<u>(2.176.493)</u>
Bókfært verð 31.12.2020.....	<u>74.517.890</u>
Stofnverð 31.12.2020.....	108.824.660
Afskrifað samtals 31.12.2020.....	<u>(34.306.770)</u>
Bókfært verð 31.12.2020.....	<u>74.517.890</u>
Afskriftahlutfall.....	2%

Fasteignamat eignarhlutans nemur 200,2 m.kr. í árslok 2020.

Brunabótamat eignarhlutans nemur 208,1 m.kr. á sama tíma.

Skammtímakröfur

- 15 Óinnheimtar tekjur og ýmsar skammtímakröfur samkvæmt efnahagsreikningi námu 69,8 m.kr. í árslok 2020. Kröfurnar eru nær eingöngu á opinbera aðila og er því ekki gerð óbein niðurfærsla á kröfunum í árslok.

Eigið fé

- 16 Eigið fé greinist þannig:

Eigið fé 1.1. 2020.....	178.203.031
Afkoma ársins.....	6.897.765
Framlag til Bakhjarls sambandsins.....	<u>(15.000.000)</u>
Eigið fé 31.12. 2020.....	<u>170.100.796</u>

Lykiltölur

17 Helstu lykiltölur:	2020	2019
Veltufjárhlutfall - Veltufjármunir/skammtímaskuldum.....	1,99	2,32
Eiginfjárhlutfall - Eigið fé/heildarfjármagni.....	63,9%	69,9%

Skýringar frh.

Kjarasvið - kjaramál

- 18 Á XXIV. landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldið var á Akureyri í september 2010 var samþykkt að leggja Launanefnd sveitarfélaga niður og fela sambandinu að sinna því hlutverki í kjaramálum sem launanefndin hafði haft frá árinu 1982 þegar hún var stofnuð. Kjarasvið sambandsins hefur yfirumsjón með kjarasamningagerð og framkvæmd kjarasamninga gagnvart viðsemjendum sveitarfélaganna, en stjórn sambandsins setur markmið og mótar stefnu sambandsins í kjaramálum. Sviðsstjóri kjarasviðs og framkvæmdastjóri sambandsins bera síðan ábyrgð á að markmiðum og stefnu sambandsins í kjarasamningagerð sé fylgt. Jafnframt hefur stjórn sambandsins skipað 5 manna kjaramálanefnd til ráðgjafar fyrir sig og starfsmenn kjarasviðs.

Sveitarfélögin endurgreiða sambandinu hluta af kostnaði við kjarasamningagerð og framkvæmd kjarasamninga.

	Ársreikningur 2020	Áætlun 2020	Ársreikningur 2019
Starfsmat:			
Launategd gjöld.....		3.000	
Vörukaup.....	19.558	17.000	16.823
Þjónustukaup.....	27.148.270	39.959.000	38.589.440
Samtals kostnaður.....	27.167.828	39.979.000	38.606.263
Endurgreiðslur sveitarfélaga.....	(27.167.828)	(39.979.000)	(38.606.263)
Samtals.....	0	0	0
Kostnaðarhlutdeild:			
Hlutdeild í sérkostnaði kjarasviðs.....	35.000.000	35.000.000	5.000.000
Endurgreiðslur sveitarfélaga.....	(35.000.000)	(35.000.000)	(5.000.000)
Samtals.....	0	0	0

- 19 Viðskiptareikningur sveitarfélaga hjá sambandinu vegna kjaramála greinist þannig:

	Ársreikningur 2020	Áætlun 2020	Ársreikningur 2019
Staða í ársbyrjun.....	38.446.452	38.446.452	61.184.784
Starfsmat, sbr. skýringu 18.....	27.167.828	39.979.000	38.606.263
Kostnaðarhlutdeild, sbr. skýringu 18.....	35.000.000	35.000.000	5.000.000
Reikningsfært á sveitarfélög á árinu.....	(65.629.060)	(65.000.000)	(66.344.595)
Staða í árslok.....	34.985.220	48.425.452	38.446.452

Skýringar frh.

Sundurliðun rekstrarreiknings

20 Rekstrartekjur og rekstrargjöld sundurliðast þannig eftir viðfangsefnum í þús.kr.:

	Gjöld	Tekjur	Staða	Fjárhagsáætlun
Sameiginlegar tekjur				
Framlag jöfnunarsjóðs.....	0	502.283	(502.283)	(532.200)
Framlag Bakhjarls sambandsins	0	0	0	(10.000)
Samtals	0	502.283	(502.283)	(542.200)
Yfirstjórn				
Landsþing.....	493	0	493	2.025
Sambandsstjórn.....	27.429	0	27.429	31.929
Siðanefnd.....	140	0	140	1.785
Endurskoðun og reikningsskil.....	2.376	0	2.376	2.500
Aðrar nefndir og sérverkefni	16.451	10.714	5.737	20.840
Innlent samstarf.....	240	0	240	790
Norrænt samstarf.....	167	0	167	1.973
Fulltrúaráð CEMR.....	1.144	0	1.144	4.584
Sveitastjórnarvettvangur EFTA.....	0	0	0	945
Annað erlent samstarf.....	0	0	0	653
Afmæli sambandsins.....	782	0	782	1.490
Samtals	49.222	10.714	38.508	69.514
Rekstrar- og útgáfusvið				
Sérkostnaður sviðsins.....	147.344	32.275	115.069	122.261
Samtals	147.344	32.275	115.069	122.261
Hag- og upplýsingasvið				
Sérkostnaður sviðsins.....	57.921	1.500	56.421	51.542
Upplýsingaveita sveitarfélaga.....	1.525	0	1.525	1.525
Samtals	59.446	1.500	57.946	53.067

Skýringar frh.

	Gjöld	Tekjur	Staða	Fjárhagsáætlun
Kjarasvið				
Sérkostnaður sviðsins.....	120.632	35.000	85.632	81.618
Starfsmat.....	27.168	27.168	0	0
Kjaramálanefnd.....	0	0	0	331
Samtals	147.800	62.168	85.632	81.949
Próunar- og alþjóðasvið				
Sérkostnaður sviðsins.....	41.751	8.000	33.751	39.356
Brussel-skrifstofa.....	21.007	23.000	(1.993)	(68)
Samtals	62.758	31.000	31.758	39.288
Lögfræði og velferðarsvið				
Sérkostnaður sviðsins.....	125.535	8.056	117.479	124.711
Samstarfsverkefni í úrgangsmálum.....	16.944	7.447	9.497	9.085
Félagsþjónustunefnd.....	536	0	536	1.298
Skipulagsmálanefnd.....	547	0	547	1.225
Fræðslumálanefnd.....	934	0	934	1.904
Samtals	144.496	15.503	128.993	138.223
Ráðstefnur og námskeið				
Ráðstefnur.....	1.957	365	1.592	0
Námskeið.....	119	0	119	4.515
Samtals	2.076	365	1.711	4.515
Útgáfu- og kynningarmál				
Tímaritið Sveitarstjórnarmál.....	1.740	2.935	(1.195)	(242)
Árbók sveitarfélaga.....	0	32	(32)	0
Rit til endursölu.....	0	3	(3)	0
Upplýsingavefur sambandsins.....	6.123	0	6.123	8.291
Samtals	7.863	2.970	4.893	8.049

	Gjöld	Tekjur	Staða	Fjárhagsáætlun
Hlutdeild í rekstri húsnæðis				
Borgartún 30.....	23.846	0	23.846	25.965
Hlutdeild samstarfsstofnana	(8.346)	0	(8.346)	(9.088)
Samtals	15.500	0	15.500	16.877
Sameiginlegur kostnaður				
Áunnið orlof breyting.....	10.153	0	10.153	(250)
Afskriftir.....	2.177	0	2.177	2.176
Annar starfsmannakostnaður.....	3.021	0	3.021	3.408
Staðgr. fjármagnstekjuskattur.....	35	0	35	116
Þjónustugjöld banka.....	147	0	147	244
Samtals	15.533	0	15.533	5.694
Alls rekstur	652.038	658.778	(6.740)	(2.763)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld				
Vaxta- og verðbótat. af veltufjm.....	0	161	(161)	(576)
Vaxta- og verðbótagj. af skammtsk.....	3	0	3	69
Arður af hlutabréfum.....	0	0	0	(12)
Samtals	3	161	(158)	(519)
Alls	652.041	658.939	(6.898)	(3.282)

